

ISBN 9979-60-867-6



Útgefandi: Hestamannafélagið Hörður, Mosfellsbæ. © 2003

Verkefnisstjóri og höfundur texta: Hulda G. Geirsdóttir

Ritnefnd: Konráð Adolphsson, Einar Ragnarsson og Þórhildur Þórhallsdóttir.

Forsíðumynd: Torfi Harðarson

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, s.s. ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, þar með talið á tölvutækt form, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis útgefanda.

Höfundum lesmáls og myndefnis er áskilinn allur réttur.

Hönnun og umbrot: Tunglið auglýsingastofa ehf.

Prentun: Gutenberg.

Efnisyfirlit



Að kynnast hestamennskunni

Að eignast hest

Almenn umhirða og meðferð

Kostir hestsins – gangtegundir

Kostir hestamannsins

Áseta og taumhald

Reiðtygi

Fóðrun

Járningar

Heilsa hestsins

Hestaferðir

Hrossarækt

Félagstarf

Umgengni við landið

Hestalitir

Öryggisatriði

Dagatal hestamannsins

Formáli

*Gripur töltið af gáska miklum,
geysist fram af lífi og sál.
Undir stinum vöðvahnyklum
straumar kveikja lífsins bál.*

Um áramótin 2002/2003 ákvað stjórn hestamannafélagsins Harðar að ráðast í það brýna verkefni að gefa út *Litlu hestahandbókina*, sérstaklega ætlaða unglingum og þeim sem eru að byrja í hestamennsku. Mikið efni liggur nú þegar fyrir í bókum og tímaritum, en enginn bæklingur eða bók af þessum toga hefur verið til í aðgengilegu formi á íslensku. Í ritnefnd handbókarinnar eru Þórhildur Þórhallsdóttir, Einar Ragnarsson og Konráð Adolphsson. Hulda G. Geirsdóttir var ráðin verkefnisstjóri, en hún hefur mikla reynslu á þessu sviði. Þessari bók er ekki ætlað að svara öllum spurningum hestamannsins, en hugmyndin er að hún sé myndræn, með hóflegu lesmáli og komi upplýsingum til skila í formi ráðlegginga með tilvísunum til frekari fróðleiks. Hugmyndin að bókinni var borin undir ýmsa málsmetandi aðila og var henni strax vel tekið og höfum við hlotið dyggan stuðning frá eftirtöldum:

Landbúnaðarráðherra, Guðna Ágústssyni.

Félagsmálaráðherra, Páli Péturssyni.

Menntamálaráðherra, Tómasi I. Olrich.

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerði Sverrisdóttur.

Utánríkisráðherra, Halldóri Ásgrímssyni.

Umhverfismálaráðherra, Sív Friðleifsdóttur.

Landssambandi hestamannafélaga.


Hestamiðstöð Íslands, Skagafirði.

Toyota á Íslandi.

Stuðningur þessara aðila hefur reynst okkur ómetanlegur og viljum við þakka hann sérstaklega. Hann hefur gert okkur kleift að ráðast í þetta verkefni og er það von okkar að *Litla hestahandbókin* sé frækorn sem á eftir að bera ríkulegan ávöxt. Ennfremur viljum við þakka hinum fjölmörgu félögum í Herði, auglýsendum og öðrum velunnurum félagsins fyrir þeirra framlag til bókarinnar. Hestamennska kallar fram alla jákvæða eiginleika einstaklingsins: Ögun, jákvæðni, tillitssemi, úthald, skilning og sjálfstjórn. Í hestamenskunni þarf einstaklingurinn að hugsa um einhvern annan en bara sjálfan sig, lifandi veru sem þarf að sinna, sem aftur á móti veitir ómælda gleði, kallar á útiveru, líkamlegan og andlegan styrk. Hér skapast vinátta og metnaður hjá báðum aðilum til að ná árangri. Hestamennska er ein besta leiðin til að kynnst töfrum og fegurð íslenskrar náttúru á heilbrigðan hátt og læra að umgangast landið af skilningi. Hún er jafnframt ein besta forvörn mannsins á leið hans til ánægjulegs lífs þar sem allir jákvæðu eiginleikarnir fá að njóta sín og stuðla að heilbrigðara og uppbyggilegra lífern.

*Undir stinum vöðvahnyklum
straumar kveikja lífsins bál.*

Konráð Adolphsson



Að kynnast hestamennskunni



Marga dreymir um að eignast hest og leggja stund á hestamennsku. En það er stórt skref að kaupa fyrsta hestinn, útvega sér hesthúspláss, eignast reiðtygi og allan þann búnað sem til þarf og þess vegna getur verið skynsamlegt að kynnast hestamennskunni vel áður en farið er út í miklar skuldbindingar.

Í dag eru margir möguleikar opnir þeim sem vilja kynna sér hestamennsku og það sem henni tengist. Hestamiðstöðvar, reiðskólar og ferðaþjónustufyrirtæki bjóða ótal möguleika á þessum vettvangi. Til dæmis er hægt að:

- *Fara á reiðnámskeið fyrir byrjendur hjá reiðskólum sem útvega hesta, reiðtygi og hjálma.*
- *Leigja hest hjá hestamiðstöð, þ.e. koma reglulega og fá að ríða út á sama hestinum.*
- *Fara í hestaferð sem hentar minna vönu hestafólki.*
- *Fá að fara á bak hjá vinum eða ættingjum sem eiga hesta.*
- *Fara á hestaleigu.*



Úrval af hnökkum



ÍSLAND SLEIPNIR

Einn albesti hnakkur sem völ er á, enda hannaður af fremstu knöpum Íslands, Sigurbirni Bárðarsyni og Trausta Þór Guðmundssyni.



MÁNI

Einn mest seldi hnakkurinn í gegnum tíðina. Gefur þægilegt sæti og hentar vel byrjendum sem lengra komnum.



óðinn

ÓÐINN

Góður, hestvænn og mjúkur hnakkur. Gefur möguleika á að nota bæði stutta og langa gjörð.



BENNI'S HARMONY COMFORT

Hnakkurinn er afrastruktur samvinnu fágemma í reiðmennsku og reiðtýgjaframleiðslu.



Aukin þjónusta
Stóraukið vöruval
Áfram lagt verð



MR búðin

Lynghalsi 3 • 110 Reykjavík
Sími: 540 1125 • Fax: 540 1120

MR búðin

Íshestamiðstöðinni • Sörlaskeið 26
220 Hafnarfjörður • Sími: 555 7025

Að eignast hest



Þegar ákvörðunin um að kaupa hest hefur verið tekin er að mörgu að hyggja. Lykilatriði sem ber að hafa í huga þegar hestur er keyptur eru:

- *Heilbrigði.*
- *Staðfesting aldurs og ætternis.*
- *Að hesturinn henti nýjum eiganda, þ.e. tamningarstig o.s.frv.*

Það er góð regla að fá dýralækni til að heilbrigðisskoða hestinn áður en gengið er frá kaupum. Dýralæknir getur einnig skoðað tennur hestsins og aldersgreint hann nokkuð örugglega út frá þeim. Venjuleg söluskoðun felur í sér ástandsskoðun þar sem fætur eru skoðaðir, hófar, tennur, öndunarfæri, hjartsláttur og púls, holdafar og almennt ástand, auk þess sem fætur eru „beygjuprófaðir“. Þau próf eru gerð til að leita merkja um helti. Einnig er hægt að óska eftir að fætur hrossanna séu röntgenmyndaðir, en með því móti má t.d. sjá hvort hrossið sýni einhver einkenni spatts, en spatt er sjúkdómur í fótum sem getur skert verulega hreyfigetu hestsins og jafnvel leitt til þess að hann verði óhæfur til reiðar.

Flest hross frá viðurkenndum hrossaræktendum á Íslandi eru skráð í gagnagrunninn Worldfeng á vegum Bændasamtaka Íslands. Þegar hestur er keyptur er ráðlegt að athuga hvort upplýsingar um hrossið í Worldfeng standast þær upplýsingar er seljandi hefur veitt, auk þess sem tilkynna þarf eigendaskiptin til Bændasamtakanna sem sjá um uppfærslu upplýsinga í Worldfeng.



Að eignast hest



Að eiga hest felur í sér mikla ábyrgð og hesturinn er lifandi vera sem krefst athygli og umönnunnar allan ársins hring. Þetta verða væntanlegir kaupendur að hafa í huga og vera tilbúnir til að fórna bæði tíma sínum og peningum hestunum í hag.

Þegar hross eru skoðuð með kaup í huga getur verið gott að hafa vanan hestamann sér innanhandar. Eigir þú vin eða ættingja sem þekkir vel til gæti verið gott að fá hann til liðs við þig í þessu kaupferli. Hins vegar er það alltaf nýi eigandinn sjálfur sem verður að taka lokaákvörðunina og því er mikilvægt að gefa sér tíma til að prófa hestinn vel, fá að sjá hann í reið, sjá hvernig hann hagar sér í hesthúsinu og innan um önnur hross, hvernig hann bregst við þegar lagt er á og stigið á bak. Stundum er jafnvel hægt að fá hrossið lánað í nokkra daga til að prófa það vel.

Byrjendum er ráðlagt að kaupa sér tamin og meðfærileg hross. Ótamin, eða lítið tamin, ung hross eru kannski ódýrari í einhverjum tilfellum, en hættan er alltaf sú að óvanur knapi geti lent í vandræðum með hross sem ekki eru orðin veraldarvön, þó sú regla sé auðvitað ekki algild. Ef keypt eru ótamin hross er rétt að gera ráð fyrir tamingarkostnaði síðar og kostnaði við uppeldi fram að tamingar-aldri. Taming hrossa á Íslandi hefst yfirleitt um 4-5 vetra aldur og teljast hross sem eru sjö vetra og eldri yfirleitt fulltamin hafi taming þeirra hafist á hefðbundnum tíma. Hross eru misfljót til og sum eru sögð nánast „sjálf-tamin“ á meðan önnur þurfa langan tíma.



Sigrún Sigurðardóttir



Sigrún Sigurðardóttir reiðkennari hefur kennt fólk á öllum aldri og öllum stigum hestamennskunnar. Hún segir að hestamenn geti aldrei orðið fullnuma, því alltaf geti maður lært eitthvað nýtt. Hún ráðleggur byrjendum í hestamennsku að leita sér aðstoðar og bæta þekkingu sína með því að sækja fróðleik til annarra. „Ef fólk er að hugsa um að kaupa sér hest, þá ráðlegg ég því að byrja á að fara á námskeið og prófa og sjá hvort hestamennskan á virkilega við það. Ef það fer svo út í að kaupa hest, þá er ráðlegt að hafa einhvern með sér sem er vanur og viðkomandi treystir. Svo ætti maður að prófa hestinn vel, helst að fá að hafa hann í viku, tíu daga og prófa hann við þær aðstæður sem maður ætlar að nota hann við. Yfirleitt er óæskilegt fyrir byrjendum að kaupa ung hross, betra er að kaupa veraldarvana hesta til að byrja með og muna að láta dýralækna skoða þá áður en gengið er frá kaupum.“ Sigrún hefur líka sérhæft sig í að hjálpa fólk sem einhverra hluta vegna er hrætt á hestbaki. „Það er mikilvægt að reyna að greina


óttann og finna út nákvæmlega hvað það er sem hræðir viðkomandi. Er það hraðinn eða hesturinn, umhverfið eða jafnvel eitthvað annað? Þeir sem eru hræddir ættu að fara á námskeið og reyna að verða sér úti um hesta sem hægt er að treysta og þá á ég við hesta sem eru 15–20 vetra og alveg pottþéttir. Gott er að finna einhvern til að riða út með sem er tilbúinn til að taka tillit til þín, ekki fara í stórar hópreiðar eða annað þess háttar þar sem aðstæður eru erfiðari. En námskeið geta gert ótrúlega mikið fyrir fólk og ég hef séð gríðarlegar framfarir hjá sumum minna nemenda, sumir hafa sigrast á gríðarlegum ótta, aðrir bætt sig sem reiðmenn o.s.frv. Auðvitað er misjafnt hvernig fólk tekst að vinna sig út úr vandamálunum, en þeir sem leita sér aðstoðar, hvort sem það er á námskeiði eða bara með hjálp vina eða vandamanna, þeir virðast ná tökum á þessu.“ Sigrún segir það skemmtilegasta við hestamennskuna vera að alltaf skuli vera hægt að læra eitthvað nýtt. „Ég hvet alla til að leita sér aukinnar þekkingar, hvort sem þeir eru byrjendum eða hestvanir til margra ára. Maður getur alltaf lært meira.“

Bílrúður og ísetningar

-þjónusta samdægurs



ORKA - SNORRI G. GUÐMUNDSSON HF.



ORKA - SNORRI G. GUÐMUNDSSON HF.

Bíldshöfði 8 • Sími á verkstæði: 535 8818

Sími á skrifstofu: 535 8800 • Fax: 535 8811 • Veffang: www.orka.is • Netfang: sala@orka.is



Almenn umhirða og meðferð



Á Íslandi eru reiðhross oftast hýst á veturna, flest á tímabilinu desember til júní. Þegar hross eru tekin inn þarf að huga að eftirfarandi:

- *Hafi hrossunum ekki verið gefið hey úti þarf að fara hægt í fóðurbreytinguna, þ.e. byrja á að gefa litla skammta af heyi og auka þá smám saman næstu daga (sjá nánar í umfjöllun um fóðrun).*
- *Gott er að leyfa hestunum að aðlagast fóðurbreytingunni í nokkra daga áður en þjálfun þeirra er hafin.*
- *Nauðsynlegt er að gefa ormalyf þegar hrossin koma inn. Gott getur verið að fá dýralækni til að gefa hrossunum sprautu sem inniheldur bæði ormalyf og lyf gegn lús. Þá er einnig gott að fá dýralækni til að meta holdafar hrossanna og almennt ástand. Hugsanlega gæti þurft að gefa einhverju þeirra vítamínsprautu.*
- *Athuga ætti tennur og raspa þær ef þörf krefur áður en útreiðar hefjast. Tannbroddar geta skaðað munn hestsins og orsakað ýmsa óæskilega hegðun enda finnur hesturinn til ef tannbroddarnir skerast í kinnar hans.*
- *Athuga þarf skaufa og skafhús geldinga og láta dýralækni þrifa svæðið ef nauðsyn krefur. Óhreinindi og hlandsteinn geta skapað mikil óþægindi fyrir hestinn, sem aftur getur skapað óæskilega hegðun í reið, s.s. rokur og hrekki.*
- *Gott er að járna fljótlega eftir að hross eru tekin inn. Þau verða fljótt sárfætt skeifnalaus, auk þess sem þau eiga erfitt með að fóta sig í háuku.*
- *Loftræsting í hesthúsum þarf að vera góð og rými fyrir hrossin samkvæmt reglugerð um aðbúnað hrossa.*
- *Hrossum ætti að hleypa út til viðrunar á hverjum degi.*
- *Aðgangur að nægu, hreinu vatni er nauðsynlegur, jafnt á húsi sem í haga.*



Almenn umhirða og meðferð



Íslensk hross ganga úti hluta úr ári og sum allan ársins hring. Aðstæður þurfa að vera góðar, girðingar vandaðar og fóður nægilegt. Fjöldi bænda og annarra þjónustuaðila bjóða upp á hagagöngu og ættu hestamenn að geta fundið upplýsingar um slíka þjónustu í hesta- og bændablöðum, á internetinu og víðar. Mikilvægt er að hest-eigendur kynni sér þann aðbúnað sem er í boði áður en hrossunum er sleppt.

Hrossum er flestum sleppt á sumarhaga í júní og þá er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi í huga:

- Gott getur verið að venja hross við græna grasið með því að leyfa þeim að bita stund og stund dagana áður en sleppt er. Grænir blettir eru víða í kringum hesthúshverfi þar sem gott er að grípa niður. Snögg breyting á fóðri og þjálfun getur verið hættuleg.
- Þjálfnið hrossið „niður“ síðustu dagana áður en sleppt er í haga. Ef nokkur kostur er á er gott að hægja á þjálfun hrossanna áður en þeim er hleypt í hagamann. Fullþjálfuðum hesti sem skyndilega er sleppt í haga og ekki hreyfður meira er hættara en öðrum við veikindum tengdum slíkum breytingum.
- Gefið ormalyf nokkrum dögum áður en sleppt er. Ef öllum hrossum sem eiga að fara í sama haga eru gefin ormalyf á þennan hátt má minnka verulega hættuna á ormasmiti í haganum, þar sem hrossin fara „hreini“ út.
- Skipuleggið ormalyfsgjafir í samræmi við fjölda hrossa og stærð hagens. Ef haginn er þéttskipaður af hrossum er mun meiri hættu á ormasmiti og því nauðsynlegt að gefa ormalyf oftar. Gott er að skipta um ormalyfstegundir reglulega til að koma í veg fyrir að ormanir myndi ónæmi gegn lyfinu. Flestum hrossum á Íslandi sem eru í rúmgóðum haga eru gefin ormalyf þrisvar á ári; áður en þeim er sleppt í hagamann, að hausti til og svo áður en þau eru tekin á hús.
- Þegar haustar og vetrar þarf að huga að því hversu mikil beit er eftir í haganum enda grasið hætt að gróa. Ef haginn er á þrotum er nauðsynlegt að gefa hrossunum hey þann tíma sem þau eiga að ganga úti.
- Skjól fyrir veðri og vindum er alger nauðsyn fyrir hross sem ganga úti. Ef ekki er um gott skjól að ræða af náttúrunnar hendi þarf að smíða skjól. Ýmsar útfærslur eru til af slíkum skjólum, úr ýmsum byggingarefnum sem og jarðvegi, en hægt er að fá teikningar af þeim hjá t.d. Bændasamtökum Íslands.
- Aðgangur að hreinu vatni er lífsnauðsynlegur hrossum á útigangi og þarf að hafa það sérstaklega í huga þegar mikið frost er.
- Ef ekki stendur til að brúka hrossin skulu skeifur rifnar undan og hófar snyrtir.
- Reglulegt eftirlit með hrossum í hagagöngu er nauðsynlegt.



Linda Rún Pétursdóttir



Linda Rún Pétursdóttir er ein þeirra ungu knapa sem stunda hestamennskuna af lífi og sál. Hún þjálfar hrossin sín jafnt til frístunda sem keppni og segir best að blanda saman gamni og alvöru við þjálfunina: „Ég flétta saman frjálsa reiðtúra og keppnisþjálfunina. Ég nota fimíæfingar í bland við þjálfun á gangtegundum og tel það mikilvægt að brjóta útreiðartúrana upp, nota fimina inn á milli og ekki riða bara beint áfram.“ Linda segir gaman að stunda keppni og að fjölskyldan standi á bak við hana og taki fullan þátt í þessu með henni. „Mér þykir óskaplega gaman að geta verið með

fjölskyldunni minni í þessu og mitt viðhorf er að hafa gaman af þessu, sama hvernig gengur. Maður verður líka að taka því létt ef eitthvað fer úrskeiðis, það þýðir ekki að hengja haus og gefast upp eða fara í fylu. Best er að gleyma slíkum uppákomum og mæta tvíefldur til leiks næst.“ Uppáhaldshestur Lindu er grái gæðingurinn Valur frá Ólafsvík, en saman hafa þau unnið til fjölda verðlauna. „Hann er mikill höfðingi og sérstakur persónuleiki og mér þykir ógurlega vænt um hann.“

Með undirstöðurnar í lagi!



REDBACK skór
Einfaldlega bestir!
Engin lekavandamál!

Bætt líðan í baki og fótum!

REDBACK, undirstöðuatriði fyrir vellíðan í leik og starfi!

Baldvin & Þorvaldur Selfossi – MR. Búðin Reykjavík
Verzlunin Eyri Sauðárkróki – Kaupfélagið Höfn Hornafirði – Sandblástur & Málhúðun Akureyri



Íslenski hesturinn býr yfir fimm gangtegundum og er íslenska hestakynið talið það eina í heiminum sem hefur yfir slíkri fjölhæfni að ráða. Til eru önnur hestakyn sem tölta eða skeiða, en hæfni þeirra í öðrum gangtegundum er þó takmörkuð.

Oftast er talað um fet, brokk og stökk sem grunngangtegundirnar, þ.e. gangtegundir sem flest hross nota „undir sjálfum sér“ eins og sagt er, en þó er ekki óalgengt að sjá folöld sýna bæði tölt og skeið og sum hross eru tölt-eða skeiðgeng og velja þann gang helst.



Kostir hestsins – gangtegundir



FET er hæg gangtegund þar sem a.m.k. tveir fætur eru samtímis á jörðu, ýmist hliðstæðir eða skástæðir. Fetið er notað til upphitunar og niðurkælingar í þjálfun og er gott að ríða hrossum töluvert á feti. Það getur verið gott fyrir byrjendur að ríða á feti meðan verið er að kynnst hestinum og viðbrögðum hans, kanna hvort hann stöðvar, beygir o.s.frv.



BROKK er tvítakta gangtegund sem skiptist í framspyrnu og svif. Hesturinn spyrnir sér upp af tveimur skástæðum fótum, svifur og lendir síðan á hinum tveimur fótunum. Brokk getur verið fremur hast, þ.e. knapinn lyftist nokkuð upp úr sæti sínu, en með aukinni reiðþjálfun getur knapinn lært að sitja brokkið og fylgja hestinum. Brokk getur verið mjög misjafnt í hestum, talað er um gróft brokk þegar hesturinn er stórstígur og mjög hast er að sitja hann, en um lint brokk þegar hesturinn er mýkri ásetu og taktur broksins nær fjórtakti en tvítakti.



STÖKK er þrítakta gangtegund og sú gangtegund sem skilar hestinum hvað hraðast áfram. Úr svifinu kemur fyrst niður vinstri afturfótur, þá hægri afturfótur og vinstri framfótur samtímis og loks hægri framfótur. Hestur getur stökkið ýmist hægra stökk eða vinstra og raðast fæturnir eftir því um hvora hlið er að ræða. Einnig geta hestar farið á svokölluðu „kýrstökki“ en þá er stundum sagt að hesturinn stökki að framan öðrum megin, en að aftan hinum megin, t.d. vinstra stökk að framan, en hægra að aftan. Stökk er kannski sú gangtegund sem minnst er notuð í almennum útreiðum, en gaman er þó að hleypa á sprett þar sem aðstæður leyfa og þjálfun hesta á hægu stökki er af hinu góða.



TÖLT er fjórtakta gangtegund sem líkist fetgangi hvað fótaröðun varðar, en hraðinn getur þó verið mjög breytilegur, frá hægu dillandi tölti yfir í fljúgandi greitt tölt eða yfirferð eins og það er kallað. Tölt er ákaflega skemmtileg gangtegund og þægileg að sitja enda mjög vinsæl á útreiðum. Á góðu tölti er hesturinn samansafnaður og ber sig fallega. Töltið er svíflaust þar sem ýmist einn eða fleiri fætur eru á jörðu samtímis og er sú gangtegund sem íslenski hesturinn hefur umfram flesta aðra.



SKEIÐ er tvítakta gangtegund líkt og brokk, en á skeiði hreyfir hesturinn samhliða fætur samtímis. Skeið einkennist af vaggandi hreyfingu og virðast knapar á skeiði því oft vagga til hliðanna þegar hleypt er á skeið. Ekki búa allir íslenskir hestar yfir skeiði, en talað er um hross sem búa yfir öllum fimm gangtegundum íslenska hestsins sem alhliða hross.



Misjafnt er yfir hversu mörgum af ofantöldum gangtegundum hross búa og hverjar þeirra eru þeim eðlislægastar. Hross sem búa yfir öllum fimm gangtegundunum eru kölluð „alhliða hross“ en hross sem búa yfir öllum gangtegundum, utan skeiðs, eru kölluð „klárhross“. Sum eru svo eðlisgengir töltarar á meðan önnur sýna aldrei annað en grunnangtegundirnar. Æskilegt er að hross búi yfir grunnangtegundum og a.m.k. tölti, en skeiðið er ef til vill vandmeðfararnar í þjálfun. Þó er fjöldi alhliða hrossa aldrei þjálfaður á skeiði, en reynast hin bestu reiðhross fyrir því.

Aðrir kostir sem líta ber eftir eru atriði eins og geðslag hestsins, þ.e. hvernig hann er skapi farinn, er hann skemmtilegur í umgengni, þægur og ljúfur? Næst hann í gerði og haga? Er hann góður innan um önnur hross o.s.frv. Sjaldgæft er að finna hross sem uppfyllir allar draumaóskir, en æskilegt er að hesturinn henti eigandanum og sé meðfærilegur þeim er hann hirðir og þjálfar. Sýni hesturinn óæskilega hegðun, eins og t.d. að bíta fólk eða slá til þess, ætti fyrst að athuga hvort eitthvað amar að viðkomandi grip, en almennt er slík hegðun talin óásættanleg og fólk ætti að forðast að kaupa slík hross.

Sigurður Straumfjörð Pálsson



Sigurður Straumfjörð Pálsson hefur áhuga á hrossarækt þó ungur sé að árum og segist fylgjast með því sem er að gerast á markaðnum. „Við erum með þrjár hryssur í ræktun og við pabbi spáum mikið í stóðhesta. Nú á ég eitt folald undan hryssunni minni, Rimmu frá Ytri-Bægisá, og heiðursverðlaunahestinum Kolfinni frá Kjarnholtum. Sá hestur heillaði mig snemma og afkvæmi hans eru góð og rúm á gangi. Ég held að þetta folald geti orðið spennandi og ég hlakka til að temja það eftir nokkur ár. Margir af vinum mínum spá mikið í hrossarækt og hafa gott auga fyrir kynbótahestum. Það er gaman að spá í spillin og velta framtíðinni fyrir sér.“ Fjölskylda Sigurðar dró hann inn í hestamenskuna og hann segir það mikinn kost að geta átt sameiginlegt áhugamál með fjölskyldunni. „Við erum öll saman í þessu og það er virkilega gaman og eins hefur maður eignast marga góða vini í hestamenskunni.“

Hestamennskan hefur líka dregið Sigurð út fyrir landsteinana og starfaði hann um sumar í Þýskalandi hjá þekktu hestafólki þar. „Ég hvet alla sem tækifæri hafa til að prófa að fara út og vinna við hesta þar. Þetta var góð lífsreynsla og hún víkkaði sjóndeildarhringinn. Ég lærði mikið og skemmti mér vel. Þarna kynntist maður annarri menningu og þroskaðist heilmikið. Svo komst ég í landsliðið í mínum aldursflokki 1998 og það var ótrúleg lífsreynsla, maður lærir svo mikið af þeim sem eldri og reyndari eru.“ Sigurður segist þó ekki stefna að því að hafa hestamenskuna að atvinnu heldur heilli flugmannsstarfið. „Hestamennskan mun samt alltaf skipa stóran sess hjá mér og verða áhugamál númer eitt, tvö og þrjú.“ Hans ráð til þeirra sem eru að byrja í hestamenskunni eru að gefa sér góðan tíma og vera metnaðarfullir í sinni hestamenskunni, þannig nái menn langt.

Kostir hestamannsins



Það að eiga skepnur gerir ákveðnar kröfur til okkar. Góður hestamaður þarf að vera ýmsum kostum búinn.

- *Þolinmæði er lykilatriði í þjálfun hrossa.*
- *Hestamenn verða að kunna að hafa stjórn á skapi sínu.*
- *Virðing fyrir hestinum og meðhöndlun hans er nauðsynleg.*
- *Ástundun og skuldbinding eru fylgifiskar góðrar hestamennsku.*
- *Áfengi og hestar eiga aldrei saman!*
- *Jákvæðni og bjartsýni hjálpa til.*
- *Hestamennskan getur kennt manni ögun og ábyrgð.*
- *Umgangast þarf hrossin af yfirvegum; hávaði, hamangangur og læti eiga ekki við í kringum hrossin.*
- *Ákveðni, umburðarlyndi og skilningur eru meðal kosta góðs hestamanns.*

Oft er sagt að hestamenn séu léttlyndir og skemmtilegir og það má til sanns vegar færa. Samskipti við hestana og annað hestafólk eru skemmtileg og léttá lundina. Að ríða út í fersku lofti gerir öllum gott og margir segjast eiga sínar bestu stundir á hestbaki. Útreiðar eru því góðar fyrir sálina og ekki síður fyrir líkamann, en að sitja hest reynt á flesta vöðva líkamans og styrkir þá.

Hestamennska hentar líka fólki á öllum aldri og er því kjörin afþreying fyrir fjölskylduna að sameinast í. Að eiga sameiginlegt áhugamál innan fjölskyldunnar hefur ómetanlegt gildi og er besta forvarnarstarf sem til er.



Kristján Magnússon



Kristján Magnússon hefur verið í hestamennsku frá því hann var átta ára og stundar hana með fjölskyldu sinni. Hann hefur stundað keppni frá 12 ára aldri og segir það gefa sér mikið að keppa: „Að ná árangri veitir manni mikla ánægju og eykur sjálfstraust og andlegan styrk. Keppnin er því jákvæð á margan hátt, þó útreiðarnar séu auðvitað stór hluti hestamennskunnar. Ég hef mjög gaman af því að keppa í skeiði sem er ekki hefðbundin keppnisgrein hjá ungu fólki, en mitt fólk er mikið fyrir skeið og ég hef erfitt þá bakteríu. Ég byrjaði minn keppnisferil í skeiðkeppni og kappreiðar eru það langskemmtilegasta sem maður tekur þátt í.“ Kristján segir skeiðið þó flókna gangtegun og ráðleggur öllum sem áhuga hafa á því að ríða skeið að byrja á því að fara á námskeið. „Maður þarf að hafa góðan og vel vakran hest og sækja sér þekkingu, t.d.

á námskeiðum, því skeiðið getur verið flókið. En það er rosalega skemmtilegt og ég ráðlegg öllum að prófa það ef þeir geta.“ Kristján segir þolinmæðina mikilvæga og hann ráðleggur byrjendum að gefa sér nægan tíma fyrir hestamenskuna. „Það þýðir ekkert að ætla að fara of hratt í hestinn og hestamennskan er það tímafrek að það getur verið mjög erfitt að stunda önnur áhugamál eða íþróttir samhliða henni. En að sama skapi gefur hún manni mjög mikið og er þroskandi á allan hátt. Lykilatriði er að leita til þeirra sem reyndari eru og ég hef lært mikið af öðrum, t.d. reiðkennurum, þeim sem ég var með í landsliðinu og svo fór ég til Bandaríkjanna eitt sumar og lærði mikið af því. Þannig að hestamennskan getur gefið manni svo ótal margt.“

Áseta og taumhald



Nokkur grundvallaratriði gilda um ásetu og taumhald þó að mismunandi hross og mismunandi gangtegundir kalli á breytileika í ásetu og taumhaldi.

Áseta. Talað er um að rétt grunnáseta sé til staðar þegar knapinn myndar beina línu sem liggur frá öxl, í gegnum mjöðm og niður í hæl (sjá mynd). Áseta er þó mismunandi eftir gangtegundum, en best er að læra rétta ásetu fyrir hverja gangtegund með því að sækja reiðnámskeið.





Taumhald. Taumum skal haldið þannig að taumurinn liggja á milli litla fingurs og baugfingurs og að hesturinn sé „við taum“, þ.e. að samband sé á milli munns hestsins og handa knapans. Algengt er að byrjendur og minna vanir geri þau mistök að hafa taumana of lausa og eigi þar með erfiðara að stöðva hestinn eða hægja á honum fari hann að greikka ferðina. Hendurnar skulu snúa þannig að þumalfingur vísi upp (sjá mynd). Það er betra að gefa eftir með því að hreyfa handleggina fram og til baka, heldur en að hafa allt of langt í taumunum. Þó skal varast að „hanga í taumunum“ eins og það er kallað, þ.e. að halda stöðugt mjög þétt við hestinn því það getur leitt til þess að hesturinn leggist á móti beislinu og verði þungur í beisli og taumstífur. Gott er að gefa tauminn alltaf aðeins eftir þegar hesturinn gerir rétt og knapinn er ánægður.

Að ýmsu ber að hyggja varðandi taumhald, t.d. að halda taumum ekki of hátt, ekki heldur of lágt, en reyna að finna hinn gullna meðalveg þar sem haldið er þétt um tauma þannig að hesturinn láti vel við stjórnr, en ekki sé þó stanslaus þrýstingur á munn hestsins.

Í litlu hefti sem þessu er ekki hægt að fjalla ítarlega um svo flókið atriði sem þjálfun og tamning hrossa er. Hestamiðstöðvar, reiðskólar, hestamannafélög og sjálfstætt starfandi reiðkennarar bjóða upp á fjölbreytt námskeið og er áhugasömum bent á að kynna sér hvað er í boði á sínu svæði. Einnig hafa verið gefnar út nokkrar áhugaverðar bækur um þjálfun og tamningu, auk þess sem hestatímarit birta reglulega greinar um slík efni.

Faglegt nám í hestamennsku er í boði í Bændaskólanum á Hólum þar sem boðið er upp á fjölþrepa nám á framhalds- og háskólastigi, auk þess sem hægt er að leggja stund á nám í hrossarækt í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri.

Einnig bjóða nokkrir framhaldsskólar upp á nám í hestamennsku.



Sölvi Sigurðarson



Sölvi Sigurðarson tamningamaður segir að það sé gott að hafa máltækið „Svo lengi lærir sem lifir“ í huganum þegar hestamennskan er annars vegar. „Maður á óhikað að leita aðstoðar hjá öðrum og eins að miðla sjálfur því sem maður kann og getur hjálpað öðrum.“ Sölvi segir tamningarnar hafa valið sig, en hann ekki þær. „Einhvern veginn þróuðust mál þannig að ég fór að starfa við tamningarnar og þetta er skemmtilegt starf. Dagarnir eru langir, en fjölbreyttir og aldrei eins. Maður er sífellt að fást við ný viðfangsefni og hver hestur er einstakur. Ég ráðlegg þeim sem eru lítið vanir og eru með vandamálahesta

eða unga og lítið tamda hesta að leita sér aðstoðar. Oft er hægt að koma í veg fyrir stórvandamál með smá hjálp og ráðgjöf frá fagfólki.“

Sölvi segir hestana góðan félagsskap og fólk sem í kringum þá er. „Hestarnir gefa manni mikið og mér þykir vænt um þá. Þeir eru einstakur félagsskapur og að mér hafa dregist hestar sem ég hef þurft að hafa mikið fyrir en skila líka miklu þegar maður nær í gegn. Uppáhaldshestarnir mínir eru Gandur frá Fjalli og Silfurtoppur frá Lækjarmóti, tveir gráir höfðingjar.“



EN 442
EURONORM

IST

10 bar
Standard

5 RA
BYRG



allt að **50%** afsláttur af eldra útliti

MMA

HITANEMI,
OFNLOKI
& STILLITÉ



á aðeins



OFNASMIÐJA REYKJAVÍKUR

www.linubor.is
linubor@linubor.is

Vagnhöfða 11 110 Reykjavík

☎ 577 5177 fax. 577 5178



Úrval reiðtygja er mikið og úr mörgu að velja. Hesteigandi þarf að eiga góðan hnakk, beisli sem hentar hestinum, oftast einhvers konar reiðmúl, stallmúl og annan þann búnað sem hentar hans hestamennsku.

Hnakkar

Æskilegt er að nota hnakk sem hannaður hefur verið fyrir íslenska hestinn. Til er fjöldinn allur af vönduðum gerðum hnakka sem bæði eru smíðaðir innanlands og utan. Gott getur verið að prófa mismunandi gerðir hnakka ef mögulegt er til að reyna að finna þann hnakk sem hentar manni. Hnakkgerðir eru mismunandi og henta sumir betur sem alhliða útreiðahnakkar á meðan aðrir eru hugsaðir fyrir t.d. sýningar og keppni. Fagfólk í hestavöruslunum getur leiðbeint um hnakkaval og sumar verslanir lána jafnvel hnakka til prufu. Hnakkar eru þónokkur fjárfesting, en oft má fá vel með farna notaða hnakka í verslunum sem og í gegnum smáauglýsingar. Mikilvægt er að athuga ástand hnakksins, þ.e. að hann fari vel á hestinum og særi hvergi.



Íslenskur hnakkur

Mikil þróun hefur orðið á hnökkum á undanförunum árum og nú eru til dæmis til hnakkar með sveigjanlegu virki, hnakkar með loftpúðum, hnakkar án spaða og svokallaðar reiðdýnur. Reiðdýnurnar hafa notið mikilla vinsælda, en rétt er að benda á að þær henta ekki á öll hross eða við allar aðstæður og því er gott að eiga hnakk samhliða slíkri dýnu.

Ýmsar gerðir af undirdýnum fyrir hnakka eru líka í boði. Hægt er að nota einfalda taudýnu sem verndar hnakkinn og hlífir honum við óhreinindum. Einnig eru til geldýnur sem dreifa þunga knapans um bak hestsins, auk fjölda gerða af svampdýnum o.fl. þess háttar.

Beisli

Orðið beisli er notað yfir samsetningu af höfuðleðri, mélum og taumum. Höfuðleðrið er sá hluti sem fer utan um höfuð hestsins, mælin fara upp í munninn og taumana heldur knapinn í. Úrval af beislum er nánast óendanlegt í dag og fást höfuðleður, taumar og mél af öllum mögulegum gerðum. Flestum hestum er þó riðið með einföld hringamél. Stangamél eru yfirleitt ætluð meira þjálfuðum hestum.



Múlar

Flestir nota nasamúl við hringamél, en slíkan múl á ekki að nota með stangamélum. Nasamúllinn á að fara vel, vera þéttur að nefi hestsins, en þó þannig að hægt sé að stinga tveimur fingrum undir múllinn yfir nefbeininu. Múllinn á að festa fyrir framan hringamélin, ofan á nefbeinið, en passa þarf að múllinn liggji ekki of neðarlega þar sem hann getur valdið andþrengslum (sjá mynd neðst á síðu).

Krossmúll, eða enskur múll, er notaður bæði við stangamél og hringamél. Hægt er að fá múllinn með eða án skáreimar eða með skáreim sem hægt er að fjarlægja. Einnig eru til svokallaðir mexíkóskir múlar sem liggja í kross yfir nef hestsins. Engar algildar reglur eru um hvers konar múla fólk ber að nota, heldur verða menn að prófa sig áfram til að finna hvað hentar þeirra hrossum best.

Stangamél



Hringamél



Annað

Fjöldinn allur af annars konar búnaði er í boði fyrir hestamenn. Hringtaumsbúnaður, teymingagjarðir og ýmiss konar aukabúnaður fæst í hestavöruverslunum og er best að leita til fagfólks í slíkum verslunum um ráðleggingar og val á reiðtygjum og búnaði. Hestavöruverslanir selja líka vandaðan fatnað, sem er sérútbúinn fyrir hestamenn, í miklu úrvali.


Meðferð og hirðing reiðtygja

Flest reiðtygi eru úr leðri og þau þarf að hirða vel eigi þau að endast árum saman. Best er að þrifa reiðtygin með góðri leðursápu, ná allri seltu, óhreindum og hárum af leðrinu og bera svo sérstakan leðuráburð á reiðtygin á eftir sem mýkir og verndar leðrið. Öll efni sem til þarf fást í hestavöruverslunum. Góð regla er að þrifa reiðtygin áður en þau eru sett í geymslu þegar hlé er tekið á hestamenskunni og passa þarf að þau séu geymd á þurrum stað þar sem ekki verða miklar hitabreytingar.

Einnig getur verið gott að strjúka af reiðtygjum og bera á þau áður en útreiðar hefjast að nýju svo þau séu mjúk og þægileg þegar notkunin hefst.

Beisli með hringamélum og nasamúl





Heilbrigður og vel hirtur hestur ber þess merki. Feldur hans er gljáandi fagur og augun björt og vakandi. Fóðrun hestsins er einn mikilvægasti þátturinn í umhirðu hans og nauðsynlegt að vanda þar til.

Hestar fóðrast að mestu leyti á heyi eingöngu þegar þeir eru á húsi. Einstaka hross sem eru undir miklu álagi, t.d. keppnis- og kynbótahross, eru fóðruð á ýmiss konar kjarnfóðri auk heys, en gott hey og aðgangur að hreinu vatni er þó yfirleitt nóg fóður fyrir venjuleg reiðhross. Oftar en ekki eru hross á húsi offóðruð frekar en vanfóðruð. Nauðsynlegt er að draga úr fóðrun hrossa ef notkun/þjálfun þeirra minnkar.

Gott er að gefa hrossunum a.m.k. tvisvar á dag, þ.e. á morgnana og svo síðdegis eða á kvöldin. Enn betra er að gefa þrisvar á dag, en það getur verið erfitt fyrir frístundafólk að finna tíma til þess. Í mörgum hesthúsaðverfum er fólk sem tekur að sér að gefa hrossum á morgnana og þá þurfa hesteigendur aðeins að sinna kvöldgjöf sem getur hentað vel þegar komið er til að hirða og hreyfa hrossin.

Í bókinni *Hestaheilsu* eftir Helga Sigurðsson dýralækni er að finna hagnýtar upplýsingar um fóðrun. Þar segir m.a.: „Hrossum er nauðsynlegt að fá ákveðið magn af heyi til að halda uppi eðlilegri meltingarstarfsemi. Algjört lágmark er að gefa 3–4 kg af heyi á dag.“ Fóðurbörf hrossa er þó mismunandi eftir stærð þeirra og hlutverki, t.d. þarf mjólkandi folaldshryssa mun meira fóður en litið notaður reiðhestur.



Fóðrun

Orka fóðursins er mæld í svokölluðum fóðureiningum (fe). Ein fóðureining er skilgreind sem sú nettóorka, sem eitt kíló af byggi inniheldur með 85% þurrefni og það samsvarar 1650 kílókalóríum (kkal). Hægt er að fá upplýsingar um næringargildi heysins með því að senda sýni til rannsóknarstofa sem taka að sér að efnagreina það. Þær stofnanir sem sinna slíku eru Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins í Keldnaholti, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun B.E. á Akureyri. Að láta efnagreina heyið og fá ráðgjöf frá slíkum rannsóknarstofnunum getur stórbætt nýtinguna á fóðrinu og líðan hrossanna og því eru hestamenn hvattir til að nýta sér þá þjónustu.





Í bók Helga Sigurðssonar, Hestaheilsu, er birt þægileg tafla þar sem fóðurþörf hrossa kemur fram

Fóðurþörf hrossa á dag

Heimild: *Hestaheilsa*, eftir Helga Sigurðsson, útgefin af Eiofaxa ehf. 2001

Reiðhross	a) Orka. b) Eggjahvíta.	Til viðhalds: 3,5–4,0 fe (háð þyngd). Til hreyfingar: 4,0–4,2 eða meira eftir notkun. 270–280 gr meltanleg eggjahvíta.
Fylfullar merar	a) Orka. b) Eggjahvíta.	Fyrstu mánuði meðgöngu ca. 3,8 fe. Síðasta fjórðung meðgöngu 4,5–4,8 fe. Eftir meðgöngustigi 300–400 gr meltanleg eggjahvíta.
Folaldsmerar	a) Orka. b) Eggjahvíta.	Til framleiðslu á 4–5 kg mjólkur 5,0–5,5 fe. 500–560 gr meltanleg eggjahvíta.
Folöld og trippi	a) Orka. b) Eggjahvíta.	Á 1. vetri ca. 2,5 fe. Á 2. vetri ca. 3,0–3,5 fe. Á 3. vetri ca. 3,5–4,0 fe. Ca. 300–340 gr meltanleg eggjahvíta.

Salt er nauðsynlegt hrossum og því ættu allir hestar að hafa aðgang að saltsteini, t.d. í eða við stall eða á vegg í stíu. Einnig er hægt að fá góðar steinefna- og vítamínblöndur, bæði í föstu og fljótandi formi sem getur verið gott að gefa með heyinu.

Annars er hestamönnum bent á góða bók Helga Sigurðssonar, Hestaheilsu, þar sem m.a. er fjallað ítarlega um fóður og fóðrun.

HEYSALA ÓLAFS

úrvalshey í stórböggum frá Hvítárvöllum Borgarfirði.
Taka lítið pláss og afgreitt beint í hlöðu eftir þörfum
með litlum fyrirvara.

GÆÐAHEY Á GÓÐU VERÐI



ÓLAFUR DAVÍÐSSON
Hvítárvöllum Sími 894 9770

„Enginn er hestur án hófa“, segir einhvers staðar og það eru svo sannarlega orð að sönnu. Heilbrigðir hófar eru undirstaða hestsins og góð hófhirða er því mjög mikilvæg. Einstaka hestar eiga við langvinn hófvandamál að stríða, en langflestir hestar eru lausir við slíkt ef hófar þeirra eru hirtir.

Almenn hófhirða

HREYFING er lykilatriði í umhirðu hófa. Hreyfing örvar blóðrásina sem eykur hófvöxt og líf í hófnum.

RAKI er nauðsynlegur hófnum. Best er að bleyta hófana reglulega og er einfaldast að nota garðslöngu til þess. Skola þarf af hófunum og þrifa þá því óhreinindi geta þurrkað hófana.

Ef nota á hófaburðarefni verða hófarnir að vera hreinir undir, því slíkur áburður hefur verjandi áhrif og hann lokar fyrir aðgang raka að hófnum. Slík efni verður því að nota reglulega eigi þau að gera gagn. Gott er að bursta hófana, t.d. með gömlum uppþvottabursta og vatni. Þannig hreinsar maður óhreinindi af og hleypir rakanum að.

HÓFHIRÐA hefst á ungaaldri. Það þarf að fylgjast með vexti og lögun hófa frá fæðingu hrossins og snyrta þá og klippa eftir þörfum. Ofvaxnir hófa geta aflagast og skapað mikil vandamál síðar meir.

BÆTIEFNI geta gagnast þegar hestar eru með lélega hófa. Efni eins og bíótín stuðlar að auknum hófvexti, en þá þarf að athuga að efnið sé gefið í réttu magni. Best er að fá ráðleggingar um val á bætiefnum hjá dýralæknum sem og sóluaðilum.



Flest hross eru járnuð þegar tamning hefst. Þá er gott að hafa undirbúið hrossið með því að taka upp á því fæturna, banka í hófana og venja það við það sem væntanlegt er. Trippi sem eru vön því að láta klippa og hírða á sér hófana eru oft betur undir fyrstu járningu búin.

Á Íslandi eru engar sérstakar fagreglur sem gilda um járningar og því eru margir sem járna sín eigin hross, nokkurs konar áhugajárningamenn, auk þess sem nokkrir menntaðir atvinnujárningamenn starfa í landinu. Erlendis gilda oft strangar reglur um járningar sem faggrein og í sumum löndum mega einungis menntaðir járningamenn járna hross.

Hvort sem maður járnar hrossin sín sjálfur eða fær til þess lærðan járningamann, þá þarf að vanda til verka og hafa nokkur meginatriði í huga.

- *Hófstaða – mikilvægt er að staða hófsins sé rétt.*
- *Skeifnastærð – skeifur mega alls ekki vera of litlar.*
- *Sprungur og önnur slík vandamál þarf að lagfæra strax með aðstoð fagmanna, (annars geta þær orðið enn alvarlegri).*
- *Sumir hestar eru með lélegan hófbotn og þá getur þurft að járna þá á botna til að hlífa þeim. Fáíð ráðleggingar hjá fagmönnum.*
- *Nota þarf skafaskeifur á veturna, en skipta þeim út fyrir sumarskeifur um leið og vora tekur.*

Í raun er ekki hægt að leggja nógu mikla áherslu á það hversu mikilvægt er að vandað sé til járninga. Járna ætti á 6-8 vikna fresti þegar hestarnir eru í notkun og rífa svo undan og klippa hófana vel þegar hestunum er sleppt lausum. Athuga þarf ástand hófa á þeim hrossum er ganga úti allan ársins hring og hírða þá eftir þörfum. Kostnaður við kaup á skeifum og járnþjónustu getur verið nokkur, en sá peningur margskilar sér til baka.



Snyrtiligir og vel járnaðir hófar.

Sigurður Torfi Sigurðsson



Sigurður Torfi Sigurðsson er lærður járnningameistari frá Bandaríkjunum. Hann segir góða umhirðu hófa gríðarlega mikilvæga. „Góð hófhirða verður aldrei ofmetin því enginn notar hest sem er með ónýta hófa. Best er að byrja strax að venja folöldin við hófhirðuna svo auðvelt verði að klippa og laga hófa þeirra á hverju ári. Mikilvægt er að sinna hófum

allra hrossa, líka þeirra sem eingöngu ganga úti. Hvað reiðhrossin varðar ráðlegg ég fólki að vanda til verka, hvort sem það járnar sjálft eða fær fagfólk til sín. Svo er mikilvægt að halda hófunum hreinum og rökum því hófþurrkur er eitt algengasta vandamál hófhirðunnar. Lykilatriðið er svo hreyfing því hún eykur blóðflæðið í hófnum og örvar þar með vöxtinn.“



Sala og dreifing á spæni

mokstur úr hesthúsum, gerðum og þróm.



Flugumýri 14 Mosfellsbær
Sími:586 8260
Jón Jónsson 892 7149



Heilbrigður hestur ber það utan á sér að honum liður vel. Feldurinn er þéttur og glansandi, augun björt og vakandi og holdafar gott. Hesturinn er eins og mannskepnan að því leyti að yfirleitt er heilsufar hans í góðu lagi, en þó geta ótal sjúkdómar skotið upp kollinum, sem og meiðsl og álagseinkenni og því er gott að vera vakandi fyrir almennu heilbrigðisástandi hestsins.

- Öll hross ættu að vera undir eftirliti hvað heilbrigði varðar. Eins og fram kemur fyrr í þessari bók er nauðsynlegt að fá dýralækni til að líta á hrossin í upphafi vetrarvertíðar, athuga með handstein, tannbrodda, orma- og lúsasmit, skoða holdafar og almennt ástand hrossanna.

- Hestur sem ekki borðar á hefðbundnum fóðrunartíma er oftast veikur. Líti hesturinn ekki við heyinu eða er lystarlítill ættir þú að kalla til dýralækni.

- Ef feldur hestsins er mattur, hann er horaður og rytjulegur að sjá, gæti verið skynsamlegt að fá dýralækni til að meta ástand hans. Hugsanlega þarf að gefa honum vítamín og bætiefni eða hann er hrjáður af sjúkdómi.

- Ef hestur er haltur þarf að skoða hófana vel, hugsanlega er aðskotahlutur fastur í hófnum. Einnig ætti að þreifa leggi hestsins, meðfram sinum og athuga hvort þar eru bólgur. Séu ekki augljósar ástæður fyrir helti hestsins, eins og t.d. steinn í hóf, ber að kalla á dýralækni.

- Smitsjúkdómar í hestum eru nánast óþekktir á Íslandi. Það er því algerlega bannað að flytja inn til landsins notuð reiðtygi, notaðan leður- eða skófatað eða nokkuð annað sem gæti borið smit. Fjöldi lífshættulegra smitsjúkdóma hrjáir hestakyn erlendis og því er mjög mikilvægt að hestamenn taki höndum saman um að vernda íslenska hestinn gegn slíkum vágestum. Brýnið þetta einnig fyrir erlendum gestum sem tengjast hestum.

- Holdhnjúskar eða holdhnjúska er vandamál sem tengist rýsjóttri tíð á haustin. Þá myndast hrúður og sár á baki og lendum hrossa með þeim afleiðingum að stórir flekkir af hári geta dottið af og skín þá í bert holdið. Hross með holdhnjúska verða fljótt kulvís og geta lagt hratt af. Því er gríðarlega mikilvægt að hross hafi aðgang að skjóli og nægt fóður í haganum. Ef hross þjáist af slæmum holdhnjúskum getur það orðið illa haldið á óruttum tíma, fáir dagar skipta þar sköpum. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast alltaf vel með hrossum í haga, og í miklum umhlepningum þar sem skiptast á ríngingar og kuldi ætti helst að skoða ástand hrossanna daglega.

- Hestar eru eins og mannfólkið að því leytnu til að það þarf að byggja þá upp hvað þol og þjálfun varðar. Ekki dugir að láta hrossin standa óhreyfð dögum saman og ætla svo að ríða langar leiðir. Byrja þarf þjálfunartímabilið rólega og svo auka vegalengdir og álag smám saman. Hestum er hreyfing nauðsynleg og því er mikilvægt að þeim sé ríðið reglulega, en jafnframt skynsamlega. Það segir sig sjálft að hestur sem hefur lítið verið hreyfður yfir veturinn á ekkert erindi í hestaferð um sumarið, frekar en óþjálfður maður á erindi í maraþonhlaup. Ef tími er lítill eða veður óhagstæð getur verið gott að hringteyma, ríða inni í reiðhöll eða teyma hross með í reiðtúrum til að nýta tímann betur og hreyfa fleiri hross í einu.

Heilsufar hrossa er efni í mun stærri bók en þetta litla kver og því er hestamönnum bent á frekari lesningu, m.a. í ítarlegri bók Helga Sigurðssonar, *Hestaheilsu*, þar sem farið er á aðgengilegan og fræðandi hátt yfir allt það helsta er lýtur að heilbrigði hrossa .

Ólöf Loftsdóttir



Ólöf Loftsdóttir dýralæknir segir að uppbygging og þjálfun hests sé hin sama og þjálfun íþróttamanns. „Oft skortir þolinmæði hjá hestamanninum og til mín leita margir sem halda að eitthvað ami að hestinum sínum, t.d. hlandsteinn eða eitthvað slíkt. En þegar ég fer að ræða málin við viðkomandi, þá kemur oft í ljós að menn eru einfaldlega að fara of hratt í þjálfun hrossanna, stytta sér leið. Uppbyggingin er því gríðarlega mikilvæg. Eitt besta ráðið er að feta alltaf af stað frá húsi, byrja reiðtúrana rólega og leyfa hestinum að hitna og ná jafnvægi. Leyfa honum að brokka og losa um sig og ná góðri upphitun. Maður þarf að hugsa þetta út frá sjálfum sér og því hvernig maður myndi sjálfur byrja leikfimitíma eða aðra

íþróttþjálfun. Eins þarf maður að skila hestinum í jafnvægi til baka. Feta síðasta kaflann heim, leyfa hestinum að slaka sér niður og teygja. Ekki bruna bara heim, stoppa á gerðinu nánast og skilja svo bara ekkert í því af hverju hesturinn er svona kvíðinn næst þegar á að fara í reiðtúr. Ef hesturinn kemur sprengmóður heim og hefur ekki fengið þessa slökun, þá getur hann orðið stífur og spenntur næst þegar á að fara af stað. Við erum að gera ofsalega miklar kröfur til hrossanna og við verðum að vera sanngjörn.“ Ólöf segir að mikilvægt sé að undirbúa sig vel ef ætlunin er að nota hestana til ferðalaga: „Maður verður að æfa hross markvisst yfir veturinn ætli maður að ferðast á þeim á vorin og sumrin. Uppbyggingin er lykilatriði.“



Ferðalög á hestbaki eru að margra mati hápunktur hestamennskunnar. Að sitja góðan hest í fallegri náttúru er upplifun sem seint gleymist og margir hestamenn kjósa að eyða öllum sínum sumarfríum í hnakknum.

Slíkar ferðir krefjast þó undirbúnings og því getur verið gott fyrir byrjendur á þessum vettvangi að slást í för með sér vanari mönnum eða fara í skipulagðar ferðir á vegum ferðaþjónustuaðila eða hestamannafélaga. Mörg fyrirtæki í hestaferðageiranum bjóða hestafólki upp á að koma með sín eigin hross í ferðir, en kaupa alla aðra þjónustu, s.s. gistingu, fæði, leiðsögn o.fl.

Þeir sem kjósa að ferðast á eigin vegum þurfa að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Skipuleggja þarf dagleiðir með tilliti til úthalds hesta og knapa og hentugra áningarstaða.
- Bóka þarf gistingu.
- Skipuleggja máltíðir.
- Flytja farangur á milli staða.
- Bóka haga fyrir hrossin á áningarstöðum eða flytja fóður í áfangastaði.
- Athuga þarf hvort einhvers staðar á leiðinni eru takmarkanir á umferð hesta, sums staðar er t.d. bannað að vera með rekstur lausra hrossa.
- Fá leyfi landeigenda ef ferðast er um eignarlönd.
- Kortleggja og kynna sér ítarlega reiðleiðir.



Herdís Hjaltadóttir „Lilla“



Herdís Hjaltadóttir, eða Lilla eins og hún er jafnan kölluð, hefur ferðast á hestbaki um allt land. Hún segir mikilvægt að undirbúa sig vel og passa að hafa rétta útbúnaðinn meðferðis. „Það er nauðsynlegt að járna í síðasta lagi viku áður en maður fer af stað og ef þú ætlar upp í óbyggðir í einhvern tíma þá myndi ég ráðleggja fólki að járna hestana sína á botna líka til að hlífa hófbotninum. Taka þarf með járningatæki, kort og staðsetningartæki, en staðsetningartæki eru algerlega ómissandi og frábær ferðafélagi. Svo þarf líka að muna eftir nauðsynjum fyrir hrossin eins og saltsteinum, hófsköfu og vaselíni til að bera á munnvikin á þeim. Ef um lengri ferðir er að ræða og hálendisferðir, þá mæli ég heldur ekki með því að fólk taki með hross sem eru yngri en sjö vetra. Yngri hestar hafa ekki þroska í slíkar ferðir. Best er að byrja á yngstu hrossunum að morgni og dagleiðir mega helst ekki vera leingri en 30–40 km þó auðvitað geti komið upp sú staða að ríða þurfi lengra. Ég mæli með því að fólk skipti um hest á klukkutíma fresti og ef einhverjir hestar bera trúss, þá þarf að skipta um þá líka og taka af þeim farangurinn. Ég hef

séð hesta brenna undan farangri sem þeir hafa þurft að bera of lengi í einu. Þeir verða að fá að þorna á milli. Þegar komið er í áfangastað þarf maður að yfirfara hrossin, ekki bara henda þeim frá sér. Bera á munnvik, en það ætti maður líka að gera á morgnana. Taka upp alla fætur og hreinsa úr hófum og líta yfir ástand hrossanna.“Herdís segir að þeir sem eru að byrja að ferðast á eigin vegum ættu að undirbúa sig vel og ekki fara í of langar eða erfiðar ferðir í byrjun. „Ef allir í hópnum eru óvanir, þá mæli ég með því að fólk byrji á styttri ferðum í byggð og ekki má gleyma kortinu og staðsetningartækinu.“En hvað er það sem heillar í hestaferðunum? „Maður fyllist einfaldlega orku og hleður öll batterí. Þarna er maður í burtu frá öllu stressi, gíróseðlum, símum og tölvum. Maður er laus við allt og er einn í heiminum þegar maður er komin upp á fjöll. Ég mæli líka með því að fólk kynni sér umhverfið og ríði ekki bara dag eftir dag án þess að þekkja örnefni og staðina sem það fer um. Síðast en ekki síst á maður aldrei að vera með klukku!“ segir þessi gláðlynda hestakona að lokum og hlær.



Margir segja hrossaræktina mest spennandi þátt hestamenskunnar, en að sama skapi má segja að hrossaræktin sé einnig mest krefjandi og sennilega kostnaðarsamasti liðurinn í hestamenskunni. Séu menn að velta því fyrir sér að fara út í ræktun ættu þeir að skoða nokkur atriði og velta upp spurningum sem þessum:

- *Kostnaður við uppeldi – á viðkomandi land eða þarf að kaupa hagagöngu/leftirlit af öðrum?*
- *Hversu góðar eru hryssurnar sem þú ætlar að halda?*
- *Hvaða eiginleika vilt þú rækta í þínum hrossum?*
- *Getur þú tamið hrossin sjálfur þegar komið er á tamningaráldur eða þarf að kaupa tamningu fyrir hrossin?*

Samantektir, m.a. á vegum Hagbjónustu landbúnaðarins, hafa sýnt að kostnaður við ræktun og uppeldi hrossa skiptir hundruðum þúsunda og oftast er mun hagkvæmara að kaupa tamið hross, heldur en að rækta, ala upp og temja sjálfur. Öllum sem það kjósa er þó frjálst að rækta hross. Hrossaræktarsamtök finnast í öllum landshlutum og aðgangur að góðum stóðhestum er nægur um allt land. Dómar um kynbótahross eru felldir á svokölluðum kynbótasýningum sem haldnar eru víðs vegar um land á vorin og síðsumars. Þar eru hrossin dæmd fyrir hæfileika (gangtegundir, geðslag og útlit í reið) og byggingu. Talað er um að hross nái 1. verðlaunum í kynbótadómi ef það hlýtur í aðaleinkunn 8,0 eða hærra.





Eiginleikar sem dæmdir eru í kynbótadómi.

Sköpulag:

Höfuð – háls, herðar og bógar – bak og lend – samræmi – fótagerð – réttleiki – hófar – þrúðleiki á tagl og fax.

Hæfileikar:

Tölt – brokk – skeið – stökk – vilji og geðslag – fegurð í reið – fet.

Hross fara í svokallaðan einstaklingsdóm þegar eiginleikar þeirra sem einstaklinga eru dæmdir. Eldri kynbótahross geta svo einnig hlotið dóm fyrir afkvæmi sín í svokallaðri afkvæmasýningu þar sem tilskilinn fjöldi afkvæma er dæmdur hverju sinni. Bændasamtök Íslands hafa yfirumsjón með kynbótastarfinu undir handleiðslu landsráðunautar í hrossarækt, en kynbótasýningar eru oftast í samvinnu við hrossaræktarsamtök eða búnaðarsamtök á þeim land-svæðum er þær fara fram á. Einungis sérmenntaðir kynbótadómara mega dæma slíkar sýningar og öðlast þeir réttindi sín í gegnum nám við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. Svokallað kynbótamat, eða BLUP, er einnig reiknað út fyrir kynbótahross þar sem spáð er í gæði viðkomandi einstaklings sem kynbótagrips út frá ættum, dómum og afkvæmum. Hægt er að fá frekari upplýsingar um kynbótastarfið á vef bændasamtakanna www.bondi.is og gagnagrunnurinn www.worldfengur.com geymir þúsundir dóma og upplýsinga um skráð íslensk hross víðs vegar í heiminum.

Að para saman stóðhest og hryssu að eigin vali og að fylgjast með uppvexti afkvæmisins getur verið mjög spennandi og skemmtilegt og það er alltaf gaman „að eiga von í einhverju“. Hins vegar er ljóst að kostnaður og fyrirhöfn við slíka ræktun eru umtalsverð og hafa ber það í huga þegar farið er út í ræktun, auk þess sem alltaf er tekin ákveðin áhætta þar sem útkoman verður ekki ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum.



Fallega skapaður stóðhestur

Brynjar Vilmundarson



Brynjar Vilmundarson á Feti er einn þekktasti hrossaræktandi Íslands. Hann hefur náð góðum árangri í sinni hrossarækt á tiltölulega stuttum tíma, margsinnis verið tilnefndur ræktunarmaður ársins og einu sinni hampað þeim titli. Hann segir hrossaræktina fyrst og fremst tilfinningamál sem veiti sér gleði og ánægju. „Hrossaræktin skilar sjaldnast miklum peningum, en hún veitir mér mikla ánægju og lífsfyllingu. Hins vegar er gríðarlega mikil fyrirhöfn að rækta hross og það er dýrt að ala þau upp og temja. Ég ráðlegg því engum að fara út í ræktun nema viðkomandi hafi brennandi áhuga á hrossarækt.

Maður þarf að eiga góða ræktunargripi, hafa aðstöðu, tíma og fjármagn til að vel eigi að vera. Svo er aldrei hægt að stóla á neitt í hrossaræktinni, þar getur ýmislegt farið öðruvísi en maður óskar sér, jafnvel þó maður telji sig vera að para saman tvo frábæra einstaklinga. Flestu hestafólki hentar betur að kaupa tamin hross sem eru tilbúin til notkunar.“ Brynjar segir þó fátt skemmtilegra en að fylgjast með ungvíðinu koma í heiminn á vorin. “Það er stórkostlegt að liggja úti í haga á íslenskri vornótt og sjá folöldin koma í heiminn. Þá er maður kóngur



Opnunartímar í Víðidal



Dýralæknar

Helgi Sigurðsson s. 892 1719

Katrín Harðardóttir s. 862 1520

Lísa Bjarnadóttir..... s. 899 9469

Ólöf Loftsdóttir s. 897 1047

Steinn Steinsson s. 892 5311

Þorvaldur H. Þórðarson s. 892 5785

Móttaka gæludýra er alla virka daga á milli kl. 8:00 og 18:00 og frá kl. 10:00 til 12:00 á laugardögum.

Móttaka hrossa er eftir tímapöntunum en frá 1. janúar til 30. júní er einnig opin stofutími virka daga milli kl. 16:00 og 18:00.

Bakvakt allan sólarhringinn í síma 540 9900



Vatnsveituvegur • 110 Reykjavík • sími 540 9900



Á Íslandi eru starfrækt 49 hestamannafélög (miðað við árið 2003) og sameinast þau undir hatti Landssambands hestamannafélaga, sem síðan heyrir undir Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands. Þessi mikli fjöldi félaga tryggir það að nánast hvar sem þú ert á landinu, þar er starfrækt hestamannafélag. Hlutverk þessara félaga er misjafnt eftir stærð þeirra, en flest sjá þau um uppbyggingu hesthúsabyggða, félagslíf og fræðslustarfsemi, samstarf um uppbyggingu reiðvega og ýmiss konar keppnir í hestamennsku.

Mótahald

Keppt er í tvenns konar keppni á sviði hestamennskunnar. Annars vegar er um að ræða hestaiþróttakeppni þar sem 3–5 dómara dæma. Keppnisgreinar í slíkri keppni eru t.d.: Fjörgangur, fimmgangur, tölt, gæðingaskeið, 150 m og 250 m skeið, fimíæfingar og slaktaumatölt. Í íþróttakeppni er horft til samspils knapa og hests og eru keppnisgreinar sýndar eftir fyrirfram ákveðnum reglum. Hins vegar er keppt í svokallaðri gæðinga keppni þar sem frjálisleiki er meiri í sýningum og atriði eins og vilji og fegurð í reið koma líka inn í dóminn, auk gangtegunanna. Í gæðingakeppni dæma 3–5 dómara og þar er keppt í A-flokki, sem er fyrir alhliða hross og í B-flokki sem er fyrir klárhross. Í öllum keppnum er boðið upp á flokka fyrir börn (12 ára og yngri), unglinga (13–16 ára), ungmenni (17–19 ára) og fullorðna. Stundum er flokkaskiptingin jafnvel ítarlegri, t.d. er flokkum fullorðinna stundum skipt upp í áhugamannaflokk, opinn flokk og meistaraflokk eða jafnvel eftir kynjum í flokka karla og kvenna. Undanfarin ár hefur verið leitast við að fjölga flokkum og keppnisgreinum þannig að sem flestir finni þar eitthvað við sitt hæfi og geti tekið þátt í líflegu og skemmtilegu mótahaldi í hestamennskunni.



Eysteinn Leifsson



Eysteinn Leifsson er tamningamaður, hestakaupmaður, dómari og útflytjandi. Hann hefur flutt hundruð hrossa til útlanda og segir fjölhæfni íslenska hestsins gera hann jafn vinsælan og raun ber vitni. „Geðslag þessa hests er svo einstakt og þess vegna getur hann sinnt svo mörgum hlutverkum. Þetta er fjölskylduvænn hestur í þeim skilningi að sami hestur getur nýst allri fjölskyldunni. Þýsna oft stendur foreldrum svolítill ógn af því að

börn þeirra séu að ríða þessum stóru hestum sem finnast í útlöndum og líst því oft betur á íslenska hestinn. Svo er hann þægilegur í allri umgengni og fjölhæfur á gangi.“ Eysteinn sinnir alls konar störfum tengdum hestamenskunni og segir gaman að lifa af hestamenskunni. „Öll þessi hlutverk eru skemmtileg og það er frábært að geta skapað sér atvinnuveitvang tengdan áhugamáli sínu. Hestamennskan er áhugavert og ógrandi verkefni.“



Hestar geta valdið miklum spjöllum á landi og því ber hestamönnum skylda til að vernda landið og ganga vel um það.

Ferðalög

Eins og fram kemur í kafla um ferðalög á hestum er mikilvægt að hestamenn kynni sér þau landsvæði sem þeir ætla að ferðast um og hvaða reglur gilda um umferð hesta á viðkomandi svæði. Fari hópar lausra hrossa um viðkvæmt land geta þau valdið óbætanlegum spjöllum á náttúrunni. Sums staðar er umferð hrossa leyfð á viðkvæmum svæðum með því skilyrði að öll ferðahross séu teymd og geti því ekki farið út af vegum og slóðum sem ætlaðir eru umferð.

Hestamenn ættu líka að sýna landinu þá virðingu að skilja aldrei eftir rusl á víðavangi. Það er auðvelt að stinga matarumbúðum í vasann þar til næsta ruslatunna finnst og „trússbílar“ sem flytja farangur og vistir geta einnig geymt rusl og umbúðir þar til hægt er skila því í gáma eða tunnur.

Sem betur fer er þorri þeirra sem ferðast á hestum til fyrirmyndar hvað þetta varðar og sumir ganga jafnvel enn lengra og hafa tekið að sér að dreifa áburði á leiðum sínum um viðkvæm og afskekkt svæði. Síðauk umferð hestamanna um hálendið gerir auknar kröfur til okkar og það er nauðsynlegt að vera vel vakandi gagnvart þessum málum svo ekki komi til skerðingar á umferð hestamanna um landið.



Umgengni við landið

Beitarstjórn

Land er misjafnlega hentugt til beitar og nauðbeitt land er hestamönnum víða til vansa. Góðar leiðbeiningar um beitarstjórn eru fáanlegar hjá Landgræðslu ríkisins, m.a. í ítarlegum og vel myndskreyttum bæklingi, *Hrossahagar*, sem gefinn var út af Landgræðslunni og Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins árið 1997. Þar kemur m.a. fram að notast má við einfaldar viðmiðanir þegar lagt er mat á hrossabeit.

Nokkur auðgreinanleg einkenni eru notuð:

- *Rofdílar.* Við mikið beitarálag getur gróðurþekja látið undan og þá myndast rofdílar sem eru upphafsstig alvarlegrar gróðureyðingar.
- *Þúfur.* Þar sem land er nauðbitið verða þúfur mjög áberandi.
- *Beitarummerki.* Ef beit er hófleg sjást hennar vart merki.
- *Puntur.* Þar sem beit er lítil eða hófleg er puntur yfirleitt mjög áberandi. Sé punturinn ekki sjáanlegur er það oft merki um slæmt ástand.
- *Sina.* Sinan gefur vísbendingu um beitarálagið og nýtingu gróðursins. Það er vanalega merki um óhóflega nýtingu og slæmt ástand ef land er sinulaust með öllu að hausti/vetri.
- *Uppspera.* Þar sem beit er lítil eða engin verður landið yfirleitt mjög loðið er liður á sumarið, en uppspera minnkar með auknu beitarálagi.





Ef ástand lands er slæmt er nauðsynlegt að grípa til aðgerða og má benda á eftirfarandi í því samhengi:

- *Áburðargjöf á gróið land.*
- *Tímabundin friðun lands.*
- *Hlífa ber viðkvæmu landi, t.d. brattlendi, fyrir beit.*
- *Gefa útigangshrossum hey lengur.*
- *Hólfa landið meira niður.*
- *Bæta framræslu.*
- *Græða upp ógróið eða litið gróið land.*
- *Fækka hrossum.*

Allir hestamenn ættu að eiga bæklinginn *Hrossahagar* þar sem gerð er grein fyrir aðferðum til að meta ástand beitarlands.

Ofbeit

Góð beit







Eitt það skemmtilegasta við íslenska hestakynið er fjölbreytni í litum. Litir skipta tugum og með litaafbrigðum má segja að vel á annað hundrað lita séu til í íslenska hrossastofninum. Algengustu litirnir eru rautt og brúnt, en aðrir litir eru t.d. jarpt, bleikt, móalótt, bleikalótt, grátt, leirljóst, mövindótt og bleikt. Sagt er að hestur sé skjóttur ef hann er tvílitur, þ.e. bæði hvítur og litaður af öðrum lit. Til dæmis er sagt að hestur sem er hvítur og rauður sé rauðskjóttur, sá sem er hvítur og brúnn er þá brúnskjóttur o.s.frv.

Einnig eru ýmis önnur sérkenni sem prýða hesta. Þeir geta verið stjörnóttir, með stjörnu í enninu, eða tvístjörnóttir, með stjörnu í enni og á nefi, nú eða blesóttir, með blesu yfir allt andlitið. Svo geta þeir verið með sokka eða leista á fótum og margt fleira. Nokkrar góðar bækur eru til um liti íslenska hestsins og er gaman að lesa sér til um litina og hvernig þeir blandast og erfast. Sumir litir eru sjaldgæfari en aðrir, t.d. moldótt, vindótt og litfórótt. Litfórótti liturinn telst meira að segja í útrymingarhættu, en átak hefur verið gert í að bjarga honum. Litfórótt hross skipta litum eftir árstíðum, þau geta t.d. verið jörp og grá til skiptis, eða rauð og grá til skiptis. Litfórótt hross eru oft mjög sérstök og skemmtileg tilbreyting frá hinni hefðbundnu litaflóru.

Gamalt máltæki segir að „*góður hestur beri engan lit*“ og það eru að vísu orð að sönnu, en auðvitað er gaman að fjölbreytninni og eftirsóknarvert er að viðhalda litafjöldanum í stofninum um leið og við ræktum gæðahross.

Á upphafssíðum kaflanna hér í bókinni má sjá nokkra af þeim mörgu litum sem finnast í stofninum.





Öryggisatriði



Að mörgu ber að hyggja þegar kemur að öryggi í umgengni við hross og á útreiðum. Ávallt skal umgangast hrossin af varkárni, um er að ræða lifandi skepnur sem geta brugðist við áreiti á óvæntan hátt og því þurfum við að halda vöku okkar. Mikilvægt er að brýna umgengnisreglur fyrir börnum sem og óvönum því auðvelt er að fara sér að voða.



Öryggisatriði

- Alltaf ætti að fara varlega þegar gengið er aftur fyrir hross. Sjónsvið hrossa kemur í veg fyrir að þau sjái beint aftur fyrir sig og þau geta því slegið frá sér ef þeim bregður við eitthvað óvænt sem þau sjá ekki.
- Hrossum þykir brauð og annað góðgæti gott. Brýna þarf fyrir óvönum að passa upp á fingur og gefa hestum ávallt góðgæti úr flötum lófa. Einnig þarf að passa fingurna þegar hestum er klappað því þeir geta átt von á glaðningi og bitið í litla putta.
- Það getur verið gaman að fara inn í gerði eða haga með góðgæti handa hrossum, en þá skal hafa í huga að hrossin geta hópast að manni og jafnvel skapað hættu. Best er að vera ekki einn með brauð eða annað inni í stórum hópi hrossa og gott getur verið að hafa eitthvað, t.d. pisk, til að bægja hrossunum frá ef þau gerast of aðgangshörð. Hestarnir eiga að virða ykkur og gefa ykkur rými.
- Hrossin eiga að virða ykkur, leyfið þeim ekki að troðast framhá ykkur, ýta ykkur til, stiga ofan á ykkur og sníkja viðstöðulaust. Venjið hestana á að virða ykkar rými og hlyða skipunum. Notið aga á hrossin, t.d. með raddbeitingu sem getur verið mjög áhrifarík.
- Reiðhjálmar eru algerlega nauðsynlegir á útreiðum. Slys þar sem áverkar verða á höfði eru oftast alvarlegustu slysin í hestamennskunni. Áverkar á heila geta haft hrikalegar afleiðingar og það er auðveld vörn og sjálfsögð að hlífa höfðinu með reiðhjálmi. Athugið að reiðhjálmar standist alþjóðlega gæðastaðla og öryggiskröfur þegar þið kaupiið hjálm. Hafi hjálmur orðið fyrir miklu höggi ætti að endurnýja hann. Foreldrar og sérstaklega atvinnumenn, keppnisknappar og sýnendur eru hvattir til að sýna gott fordæmi og nota alltaf hjálm.
- Svokölluð öryggisistöð eru vinsæl, en þau eru bogin beggja megin sem kemur í veg fyrir að fótur festist í istaðinu falli knapi af baki. Einnig er hægt að fá istöð sem eru með grind að framan sem stöðvar tána ef fóturinn rennur fram.





- Mikilvægt er að stilla lengd ístaða rétt. Það hefur áhrif á jafnvægi knapans, sérstaklega ef hann er minna vanur, ef ístöðin eru of löng eða of stutt. Ágæt viðmiðunarregla er að draga ístaðsólinu og ístaðið undir handlegg og upp í handarkrika og miða við þá lengd, hún passar oftast nokkurn veginn.
- Best er að vera í skóm eða stígvélum með hæl, t.d. reiðstígvélum. Þá eru minni líkur á því að fóturinn renni fram í ístaðinu og festist þar. Strigaskór eru t.d. ekki hentugir til útreiða hvað þetta atriði varðar.
- Veljið fatnað sem hentar. Stórar, flaksandi flikur í miklum litum gætu hrætt sum hross. Best er að ríða út í reiðbuxum, en ef þær eru ekki til, þá þarf a.m.k. að huga að því að vera ekki í buxum sem eru með sauma innan á lærunum því þær geta sært knapann.
- Passið lengd tauma. Eitt algengasta vandamál byrjandans er taumlengdin. Ef taumhaldið er mjög slakt og taumarnir langir hefur knapinn minna vald á hestinum ef eitthvað kemur upp á. Mjög langir taumar eru því sjaldnast æskilegir.
- Ef þið teymið hross með ykkur og lendið í vandræðum, þá er oftast best að sleppa taumhestinum og reyna að ná valdi á reiðhestinum. Mikilvægast er að koma í veg fyrir að knapinn detti af baki og slasi sig, hesturinn næst oftast fljótlega.
- Þegar stigið er á bak þarf taumhald að vera gott. Styðjið hönd á hnakkinn á þeirri hlið sem er fjær ykkur, standið þétt við hlið hestsins og setjið fótinn í ístaðið. Haldið öruggu taumsambandi og lyftið fætinum yfir. Komið fætinum fyrir í ístaðinu áður en ríðið er af stað.
- Þegar stigið er af baki er gott að taka fæturna fyrst úr ístöðunum og fara svo af baki.
- Verið ófeimin við að leita ráða og spyrja þá sem vanari og reyndari eru. Mikið öryggi felst í þekkingu á hestinum, hegðun hans og umhverfi.
- Farið varlega. Það sama á við um hestamennskuna eins og allt annað. Glannaskapur og fíflalæti bjóða hættunni heim.



Reiðhjálmur



Öryggisistöð



Janúar

Á þessum tíma hafa flestir tekið reiðhross sín á hús. Þegar hrossin koma inn þarf að járna á skaflaskeifur, gefa orma- og lúsalyf, athuga fóðurástand, raspa tennur og athuga hvort skaufaþvo þarf geldinga. Best er að fá dýralækni í heimsókn til að yfirfara alla þessa þætti.

Þjálfun ætti að hefjast hægt og bitandi og eins þarf að fara varlega hvað fóðrunina varðar og auka heygjöf smám saman eftir því sem hrossin venjast fóðurbreytingunni.

Mars

Nú þarf að járna upp þau hross sem fyrst voru járnud í janúar. Æskilegt er að járna hross á 6 – 8 vikna fresti. Þjálfun þarf að vera regluleg og stigvaxandi eigi hrossin að standast miklar kröfur að vori.



Dagatal hestamannsins

Maí

Hross ættu að vera komin á sumarskeifur um leið og veður leyfir. Skaflar í skeifum geta verið hættulegir þegar hross takast á í þröngum gerðum. Ef ætlunin er að sleppa hrossunum í byrjun júní er gott að gefa ormalyf u.þ.b. viku áður.

Júní

Flestum hrossum er sleppt í sumarhaga í júní. Gott er að undirbúa þá miklu fóðurbreytingu með því að leyfa hrossunum að grípa niður í grænt gras þar sem því verður við komið eða gefa nýslegið gras með heyinu síðustu 2–3 vikurnar áður en sleppt er. Ef ekki stendur til að brúka hrossin yfir sumarið getur verið gott að draga jafnt og þétt úr þjálfuninni áður en sleppt er. Rífa þarf skeifur undan þeim hrossum sem fara í frí og snyrta hófa. Athuga þarf ástand beitilands og tryggja skjól, næga beit og aðgang að hreinu vatni.

September

Öll hross þurfa hvíld frá þjálfun. Ofast eru hross hvíld síðari hluta sumars, á haustin og framundir jól.



Október

Á þessum tíma er gott að líta yfir hrossin, gefa ormalyf og snyrta hófa. Athuga ástand hrossanna og síðast en ekki síst beitarhólfín. Er enn næg beit til staðar eða styttist í að gefa þurfi hrossunum hey með? Munið að hross sem fá holdhnjóska þarf að taka inn annars geta þau farið mjög illa.

Desember

Veður geta verið válynd á vetrum og því er nauðsynlegt og skylda samkvæmt lögum að hross sem ganga úti hafi aðgang að góðu skjóli. Þegar frystir þarf að athuga með aðgang hrossanna að vatni. Gefa þarf hey þar sem beit er á þrotum og eins ef fryst hefur yfir og hrossin ná ekki í sinuna.

ATH!

Upptalningin að ofan er einungis til viðmiðunar, misjafnt er hvenær fólk tekur hross á hús o.s.frv. Ávallt ætti þó að hafa eftirlit með hrossum, jafnt á húsi sem í haga. Fylgist með hegðun og ástandi hrossanna og ef eitthvað er óvanalegt fáið dýralækni til að skoða hrossin.



Heimildaskrá

Hestaheilsa. Handbók um hrossasjúkdóma eftir Helga Sigurðsson.

Útgefin af Eiðfaxa ehf. 2001. Tilvitnanir úr bókinni eru birtar með góðfúslegu leyfi útgefanda og höfundar.

Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands.

Gefin út af Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins. 1997.

Vísur við upphaf kafla eru fengnar úr bókinni *“Fjörrið blikar augum í”* safni hestavísna sem Albert Jóhannsson í Skógum tók saman. Vísurnar eru birtar með góðfúslegu leyfi Örlýgs Hálfðánarsonar hjá Erni og Örlýgi og Erlu Þorbergsdóttur í Skógum. Bókin kom út hjá Erni og Örlýgi hf. árið 1992.

Spakmæli hestamanna á minnisblöðum eru fengin úr bókinni *“Hestamenn”* og birt með leyfi útgefanda. Steinegg ehf. 2000.

Ljósmyndir og myndskreytingar:

Ljósmyndir í bókinni eru eftir *Eirík Jónsson og Huldu G. Geirsdóttur*.

Ljósmyndir af reiðtygjum eru úr bæklingi hestavöruverslunarinnar Ástundar og birtar með góðfúslegu leyfi eigenda.

Teikningar af gangtegundum eru eftir *Ragnhildi Sigurðardóttur*.

Athyglisverðir vefir fyrir hestamenn:

www.bondi.is - vefur Bændasamtaka Íslands.

www.worldfengur.com - gagnagrunnur um íslensk hross.

www.hestar.net - fréttavefur um hesta.

www.hestar847.is - fréttavefur um hesta.

www.eidfaxi.is - fréttavefur um hesta.

www.hordur.net - vefur hestamannafélagsins Harðar.

www.feif.org - vefur FEIF, alþjóðasamtaka Íslandshestaeigenda.

www.lhhestar.is - vefur Landssambands hestamannafélaga.

www.stak.is/fhb - vefur Félags hrossabænda.

Einnig eru gefin út tvö tímarit um hesta og hestamennsku, *Eiðfaxi* og *HESTAR*.

Ýmsar bækur hafa verið gefnar út um íslenska hestinn í gegnum tíðina og má finna fjölbreytt úrval þeirra á bókasöfnum.

Til minnis

Það er betra að vinna með nokkur grömm af heila heldur en fleiri hundruð kíló af kjöti.

Einar Öder Magnússon

Til minnis

Gagnkvæm virðing milli manns og hests er besta leiðin.

Páll Bragi Hólmarsson

Til minnis

Þjálfun hrossa byggir á sömu lögmálum og hjónabandið, þ.e.a.s. skilningi, gagnkvæmri virðingu, væntumþykju og ómældu magni af þolinmæði.

Sigurður Sæmundsson

Til minnis

Hesturinn er eins og barn, hann þarf ástúð, ástundun, kennslu, ögun, tíma og lærir það sem fyrir honum er haft. Hann mótast eftir þínu viðmóti.

Sigrún Brynjarsdóttir

Til minnis

Listin að temja: Að læra að hugsa eins og hestur og fá hestinn til að hugsa eins og mann.

Freyja Hilmarsdóttir

Til minnis

Hestamennskan er óendanleg uppspretta nýrra viðfangsefna. Þess vegna heldur hún þér föngnum ævina út. Láttu það því ekki hvarfla að þér að þú vitir allt.

Ingimar Ingimarsson